



HRUNAMANNAREPPUR

37. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 4. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 11. APRÍL 2013

KL. 10.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 11. apríl 2013 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 10.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteins Eggertssonar, Esther Guðjónsdóttir, Gunnars Þórs Jóhannessonar og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, friðlýsingarskilmálar vegna friðlands í Þjórásarverum og verndun rústamýravistar og framlenging á yfirdrætti tékkareikningi hjá Arion banka. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2012. Fyrri umræða.
2. KPMG. Endurskoðunarskýrsla 2012.
3. Kjörstaður fyrir Alþingis- og íbúakosningar og kjörskrár.
4. Aðsókn í sundlaug og tækjasal 2012.
5. Ársskýrsla Bókasafns Hrunamanna 2012.
6. Skipting á jörðunum Efra-Seli og Syðra-Seli.
7. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir á auðlindum í jörðu (samræming reglna um vatnsréttindi).
8. Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning (heildarlög).
9. Hjólabrettagarður.
10. Veitumál í Svanabyggð.
11. Beiðni um upplýsingar varðandi launa- og skipulagsmál.
12. Fjarskipti í dreifbýli.
13. Rýnihópur um safnastefnu í Uppsveitum.
14. Erindi frá JP-lögmönnum vegna Reykjabakkabræðra.
15. Gjaldskrá fyrir hundahald.
16. Gjaldskrá fyrir katthald.
17. Húsnæðismál eldri borgara.
18. Næsti fundur hreppsnefndar

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Fræðslunefnd: Fundargerð 19. fundar vegna Undralands frá 3. apríl s.l.
20. Fræðslunefnd: Fundargerð 22. fundar vegna Flúðaskóla frá 3. apríl s.l.
21. Veitustjórn: Fundargerð 25. fundar veitustjórnar frá 8. apríl s.l.
-liggur frammi á fundinum-
22. Sundlaugarnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 8. apríl s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

23. 57. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 21. mars, 94. afgreiðslufundur byggingafulltrúa afgreidd mál frá 28. febrúar til 19. mars.
24. Velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 15. fundar frá 27. febrúar 2013.
25. Velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 16. fundar frá 13. mars 2013.
26. Oddvitafundur: Fundargerð frá 11. mars 2013.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Hérðasnefnd Árneshvíls: Fundargerð 2. fundar framkvæmdastjórnar frá 27. febrúar.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 148. stjórnarfundar frá 22. febrúar.
- c. SASS: Fundargerð 465. stjórnarfundar frá 8. mars.
- d. Stjórn Þjónusturáðs um málefni fatlaðra: Fundargerð 1. og 2. stjórnarfundar frá 23. janúar og 7. mars s.l.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 148. stjórnarfundar frá 25. mars.

- f. Fundargerð aðalfundar Markaðsstofu Suðurlands 19. mars.
- g. Fundur um málefni Skólaskrifstofu Suðurlands í Þingborg, 21. mars.

Kynningarmál:

- h. Umsókn um byggingarlöð að Austurhófi 1a-1b.
- i. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- j. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkynning um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2013.
- k. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkynning um endanlegt framlag vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2013.
- l. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Staðfesting á samþykkt um hundahald í Hrunamannahreppi.
- m. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Staðfesting á samþykkt um kattahald í Hrunamannahreppi.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 804. fundar stjórnar frá 1. mars.
- o. Orkustofnun: Framlenging á rannsóknarleyfi á jarðhita í fjallinu Keis í Kerlingarfjöllum.
- p. Vinir Kerlingafjalla.
- q. Kennarafélag Suðurlands.
- r. Þjóðskrá Íslands: Íbúaskráning.
- s. SASS: Sóknaráætlun Suðurlands kemur til framkvæmda.
- t. SASS: Kynningarfundir um starfsemi SASS og næsta styrkúthlutun.
- u. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 22. mars.
- v. Heilsuþorp.

Fundir framundan:

- w. Samráðsfundur Skipulagsstofnunar, Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaganna 2013. 11-12 apríl á Hótel Cabin.
- x. Kynningarfundur um starfsemi SASS og næsta styrkúthlutun á Hótel Flúðum 15. apríl nk.

Skýrslur á skrifstofu:

- y. Stóra-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga, ársreikningur 2012.
- z. Lánasjóður sveitarfélaga ohf, ársreikningur 2012.
- aa. Samband íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla 2012.
- bb. Ársskýrsla Landmælinga Íslands 2012 á vef stofnunarinnar www.lmi.is
- cc. Ársreikningur Límtré-Vírnets ehf fyrir árið 2012.
- dd. Ársskýrsla Rarik fyrir 2012.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2012. Fyrri umræða.**

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2012 ásamt sundurliðunum til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til næsta fundar hreppsnefndar.
2. **KPMG. Endurskoðunarskýrsla 2012.**

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2012.
3. **Kjörstaður fyrir Alþingis- og íbúakosningar og kjörskrár.**

Hreppsnefnd samþykkir að kjörstaður fyrir Alþingis- og íbúakosningu þann 27. apríl n.k. verði í Félagsheimilinu á Flúðum og kjörstaður verðin opin milli kl. 10:00 og 22:00. Þá samþykkir hreppsnefnd að að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 27. apríl nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Sveitarstjóri hefur á sama hátt heimild til staðfesta og leiðrétta kjörskrá vegna íbúakosninga sem fara fram á grundvelli sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd vill vekja athygli á því að atkvæði vegna íbúakosninga verða talin í Félagsheimilinu á Flúðum um leið og kjörstað er lokað og eru allir velkomnir að mæta og fylgjast með talningunni.

4. **Aðsókn í sundlaug og tækjasal 2012.**

Oddviti kynnti aðsóknartölur í sundlaug og tækjasal í íþróttahúsinu. Árið 2012 komu 15.062 gestir í sundlauginu sem er nánast sama aðsókn og á árinu 2011. Í tækjasal komu 862 gestir frá því í júní 2012 til ársloka.

5. **Ársskýrsla Bókasafns Hrunamanna 2012.**

Oddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 1.600 og lánaðar voru út rúmar 3.250 bækur yfir árið. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 414 bækur. Nokkur aukning er á fjölda lánþega en lítilsháttar fækkun á fjölda bóka sem lánað er út á milli ára. Skilakassi var tekinn í notkun í september og er mikil ánægja hjá safngestum með þessa þjónustu. Hreppsnefnd þakkar forstöðumanni bókasafnsins fyrir góða skýrslu.

6. **Skipting á jörðunum Efra-Seli og Syðra-Seli.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni vegna fyrirhugaðrar skiptingu á landspildum úr jörðunum Efra-Seli og Syðra-Seli frá Fasteignasölu Lögmannna Suðurlandi. Hreppsnefnd staðfestir ofangreind landskipti og felur sveitarstjóra að undirrita landskiptagjörð. Unnsteinn vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

7. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir á auðlindum í jörðu (samræming reglna um vatnsréttindi).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir á auðlindum í jörðu (samræming reglna um vatnsréttindi).

8. **Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning (heildarlög).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning (heildarlög). Hreppsnefnd vísar málinu til Velferðarnefndar Árnesþings.

9. **Hjólabbrettagarður.**

Oddviti kynnti bréf frá hjólabbretta- og hjólreiðaiðkendum um hugmynd um hjólabbrettagarð á Flúðum. Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og lýsir áhuga á að funda með unglíngunum í samstarfi við Félagsmiðstöðina.

10. **Veitumál í Svanabyggð.**

Oddviti kynnti bréf frá Félagi sumarbústaðaeigenda í Svanabyggð, þar sem óskað er eftir úttekt sveitarfélagsins á stöðu hreinlætismála í Svanabyggð. Hreppsnefnd felur veitustjóra og forstöðumann tæknisviðs Uppsveita að ræða við bréfrítara. Unnsteinn vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

11. **Beiðni um upplýsingar varðandi launa- og skipulagsmál.**

Oddviti kynnti bréf frá Friðriki Hjörleifssyni, dagsett 5. mars 2013, þar sem óskað er eftir upplýsingum um allar launagreiðslur og þóknanir til sveitarstjórnarfulltrúa sveitarfélagsins fyrir árið 2012 og upplýsingum um launagreiðslur og þóknanir til æðsta yfirmanns fjölmennasta vinnustaðar sveitarfélagsins. Eining er óskað eftir stefnu sveitarfélagsins í samgöngumálum samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Upplýsingagjöf um launagreiðslur og þóknanir til kjörinna fulltrúa í sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa fer eftir 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, enda gilda þau lög áfram um stjórnsýslu minni sveitarfélaga sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2012. Samkvæmt fastmótaðri framkvæmd tekur umrædd 5. gr. einungis til upplýsinga um föst launakjör starfsmanna og er óheimilt að veita aðgang að gögnum sem hafa að geyma upplýsingar um greidd heildarlaun. Kjörnir fulltrúar teljast ekki til starfsmanna sveitarfélaga og því gildir almennt, skv. umræddri 5. gr., að óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni þeirra sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema hlutaðeigandi samþykki það. Fulltrúar í hreppsnefnd Hrunamannahrepps hafa ekki samþykkt að umbeðnar upplýsingar séu veittar. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2012 tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps ársins 2013. Þar var samþykkt að hreppsnefndarmaður fær kr. 40.200 á mánuði auk eingreiðslu í lok árs upp á kr. 57.300. Greitt

er fyrir akstur utan sveitarfélagsins. Að öðru leiti koma fram upplýsingar um laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra í ársreikningi sveitarfélagsins sem verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins www.fludir.is á vordögum.

Varðandi óskir um upplýsingar um launakjör „æðsta yfirmanns fjölmennasta vinnustaðar sveitarfélagsins“, skal bent á að slík tilgreining er almennt ekki nægjanleg í skilningi upplýsingalaga nr. 50/1996 auk þess sem þau lög ná ekki til fyrirtækja (lögaðila) sem eru að 51% hluta eða meira í eigu sveitarfélags. Beiðni um þessar upplýsingar er því vísað frá.

Varðandi gildandi aðalskipulag í Hrunamannahreppi er bent á heimasíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulagsstofnun.is þar sem gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins er inn á vefsíðu.

12. Fjarskipti í dreifbýli.

Oddviti kynnti ýmsa kosti sem eru í boði fyrir fjarskipti í dreifbýli. Hreppsnefnd leggur til að skoðaðar verði lausnir í fjarskiptamálum í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.

13. Rýnihópur um safnastefnu í Uppsveitum.

Hreppsnefnd samþykkir að skipa Halldóru Hjörleifsdóttur sem aðalman og Unnsteinn Eggertsson sem varamann í rýnihóp um safnastefnu í Uppsveitum.

14. Erindi frá JP-lögmönnum vegna Reykjabakkabræðra.

Oddviti kynnti erindi frá JP-lögmönnum fyrir hönd Reykjabakkabræðra þar sem gerð er sú krafa að sveitarfélagið bæti þeim allt það tjón sem þeir hafa orðið fyrir vegna eignanámskröfu sveitarfélagsins vegna Bakkatúnsvegjar samkvæmt framlagðri sundurliðaðri kröfugerð. Hreppsnefnd er tilbúin að skoða kröfugerðina og freista þess að ná samningum við landeigendur samhliða því að reyna að komast að samkomulagi um nýtt deiliskipulag um Bakkatúnsveg. Sveitarstjóra og oddvita er falið að ræða við bréfitara um málið.

15. Gjaldskrá fyrir hundahald.

Oddviti kynnti nýja gjaldskrá fyrir hundahald í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá með þeim breytingum sem fram komu á fundinum.

16. Gjaldskrá fyrir kattahald.

Oddviti kynnti nýja gjaldskrá fyrir kattahald í þéttbýlinu á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá.

17. Húsnæðismál eldri borgara.

Oddviti kynnti bréf frá Gunnari Þór Jóhannessyni og Estheri Guðjónsdóttur, þar sem óskað er eftir umræðu um húsnæðismál eldri borgara í hreppnum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við félag eldri borgara um framþróun á því verkefni að auka búsetumöguleika eldri borgara í sveitarfélaginu og möguleika á aðkomu sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu hjúkrunarrýmis í samstarfi við nágrannasveitarfélög.

18. Næsti fundur hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði þriðjudaginn daginn 7. maí kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Stefnt er að því að halda íbúafund þriðjudagskvöldið 14. maí.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Fræðslunefnd: Fundargerð 19. fundar vegna Undralands frá 3. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Undralands. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, rekstur síðastliðins árs, skólustefnu, nýbúa í leikskóla og umsókn um undanþágu um vist vegna barns yngra en 18. mánaða. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og stefnir að skipun vinnuhóps um upplýsingaöflun fyrir nýbúa á næsta fundi hreppsnefndar.

20. Fræðslunefnd: Fundargerð 22. fundar vegna Flúðaskóla frá 3. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra, rekstur síðastliðins árs, gjaldskrá vegna leigu, skólustefnu, talþjálfun, umsókn um launalaust leyfi, málefni nýbúa og rusladaginn. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

21. Veitustjórn: Fundargerð 25. fundar veitustjórnar frá 8. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 25. fundar veitustjórnar. Farið var yfir ársreikning hitaveitunnar 2012 en rekstrarhagnaður veitunnar eftir skatta var tæpar 5,4 milljónir. Farið var yfir uppreiknaða kostnaðaráætlun við að fá heitt og kalt vatn

í sumarhúsabyggð úr landi Grafar. Farið var yfir sölu á eldri bifreið, dæluþilboð í dælustöðina á Flúðum og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

22. Sundlaugarnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 8. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar sundlaugarnefndar. Þar kynnti Börkur Brynjarsson skýrslu sína þar sem hann leggur mat á núverandi ástand laugarinnar og hvað þyrfti að gera. Farið var yfir gögn sem liggja fyrir um kostnað við rennibrautir. Rætt var um hvaða valkostir séu í stöðunni og áframhaldandi vinnu við málið. Nefndin leggur til að aflað verði upplýsinga um nýbyggðar sundlaugar þannig að hægt verði að átta sig betur á þarfagreiningu fyrir sundlaug og sundlaugarsvæði og kostnaði við verkið. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

23. 57. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 21. mars, 94. afgreiðslufundur byggingafulltrúa afgreidd mál frá 28. febrúar til 19. mars.

Oddviti kynnti fundargerð skipulags- og bygginganefndar og afgreiðslur byggingafulltrúa.

Mál nr. 3: Heiðarbyggð D-1. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og hafnar beiðni um viðbyggingu við eldra hús og sameiningu lóða.

Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa fram til 19. mars 2013 en þar var eitt mál sem snerti Hrunamannahrepp.

Mál nr. 7: Hverabakki 1 spilda f, lóð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir erindið skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og stofnun lóðarinnar skv. 48. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 8: Langholtskot 166796. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir erindið skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

24. Velferðarnefnd Árneshrepps: Fundargerð 15. fundar frá 27. febrúar 2013.

Oddviti kynnti fundargerð Velferðanefndar Árneshrepps. Félagsmálastjóri lagði fram drög að reglum og gjaldskráum um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk, drög að verklagsreglum þjónusturáðs Suðurlands um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk og drög að reglum þjónusturáðs Suðurlands um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk. Þá var rædd staða eldri borgara í Hveragerði. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og verklagsreglur og fundargerðina að öðru leyti.

25. Velferðarnefnd Árneshrepps: Fundargerð 16. fundar frá 13. mars 2013.

Oddviti kynnti fundargerð Velferðanefndar Árneshrepps. Þar var farið yfir trúnaðarmál, félagsmálastjóri kynnti stöðu mála í barnavernd og fjárhagsaðstoð og rædd staða eldri borgara í Ölfusi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

26. Oddvitafundur: Fundargerð frá 11. mars 2013.

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitafundar. Þar var farið yfir reikninga Laugaráslæknishéraðs. Samþykkt var ósk um að skipta garðyrkjulóð í Laugarási í tvær lóðir og kynnt voru drög að þjónustusamningi og samstarfssamningi um rekstur Minjasafns Emils Guðjónssonar í Gröf og Eyvindarsetur. Ákveðið að skipa rýnihóp um safnamál í Uppsveitum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

27. Friðlýsingarskilmálar vegna friðlands í Þjórsárverum og verndun rústamýravistar.

Oddviti kynnti skilabréf frá Umhverfisstofnun vegna samstarfsnefndar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Þá var lögð fram auglýsing um friðland í Þjórsárverum og verndun rústamýra með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi aðila. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti friðlýsingarlýsingarskilmálana og auglýsingu hennar.

28. Framlenging á yfirdrætti tékkareiknings hjá Arion banka.

Hreppsnefnd samþykkir að óska eftir því við Arion banka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000,- verði framlengd og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og að stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárþörf sveitafélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Hérðasnefnd Árnesinga: Fundargerð 2. fundar framkvæmdastjórnar frá 27. febrúar.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 148. stjórnarfundar frá 22. febrúar.** Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 465. stjórnarfundar frá 8. mars.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Stjórn Þjónusturáðs um málefni fatlaðra: Fundargerð 1. og 2. stjórnarfundar frá 23. janúar og 7. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 148. stjórnarfundar frá 25. mars.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Fundargerð aðalfundar Markaðsstofu Suðurlands 19. mars.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Fundur um málefni Skólaskrifstofu Suðurlands í Þingborg, 21. mars.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- h. **Umsókn um byggingarlóð að Austurhofi 1a-1b.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkynning um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2013.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkynning um endanlegt framlag vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2013.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Staðfesting á samþykkt um hundahald í Hrunamannahreppi.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Staðfesting á samþykkt um kattahald í Hrunamannarhreppi.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 804. fundar stjórnar frá 1. mars.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Orkustofnun: Framlenging á rannsóknarleyfi á jarðhita í fjallinu Keis í Kerlingafjöllum.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Vinir Kerlingafjalla.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Kennarafélag Suðurlands.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Þjóðskrá Íslands: Íbúaskráning.** Lagt fram til kynningar.
- s. **SASS: Sóknaráætlun Suðurlands kemur til framkvæmda.** Lagt fram til kynningar.
- t. **SASS: Kynningarfundir um starfsemi SASS og næsta styrkúthlutun.** Lagt fram til kynningar.
- u. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 22. mars.** Lagt fram til kynningar.
- v. **Heilsuþorp.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- w. **Samráðsfundur Skipulagsstofnunar, Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaganna 2013. 11-12 apríl á Hótel Cabin.**
- x. **Kynningarfundur um starfssemi SASS og næsta styrkúthlutun á Hótel Flúðum 15. apríl nk.**

Skýrslur á skrifstofu:

- y. **Stóra-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga, ársreikningur 2012.**
- z. **Lánasjóður sveitarfélaga ohf, ársreikningur 2012.**
- aa. **Samband íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla 2012.**
- bb. **Ársskýrsla Landmælinga Íslands 2012 á vef stofnunarinnar www.lmi.is**
- cc. **Ársreikningur Límtré-Vírnets ehf fyrir árið 2012.**

dd. **Ársskýrsla Rarik fyrir 2012.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:00.